

HAFNARFJÖRÐUR — NÁGR.

Ódýrar kjötvörur til helgarinnar, hrossabuff, hrossahakk, léttsaltað hrossakjöt, nýtt dikakjöt 2. verðfi. Kjötjallari, Vesturbr. 12, Hafnarfirði.

FÁMENN FJÓLSKYLDA

utan af landi óskar eftir 2ja til 3ja herb. íbúð til leigu. Skilvísar mánaðargreiðslur. Uppl. í síma 15581 á verzlunartíma.

TIL SÖLU

ný uppgert línu-spil, 1½ tonna með skipti ventli og netaskífu. Uppl. í síma 86-24.

RAMBLER CLASSIC '64

einkabíll. Ákeyrður. Til sýnis í Vökuportinu. Tilb. óskast. Aðal bílasalan, Skúlag. 40.

BÍLAR — SKULDABRÉF

Vauxhall Victor '68 og Volkswagen 1300 '68 seljast fyrir 3ja til 6 ára bréf. Aðal bílasalan, Skúlag. 40.

IBÚÐ ÓSKAST

2ja—3ja herb. íbúð óskast, sem fyrst. Uppl. í síma 26272 eftir kl. 16.

HEY TIL SÖLU

Uppl. í síma 42673.

KEFLAVÍK

Höfum kaupanda að nýju ein býlishúsi eða húsi í smíðum. Mikil útborgun. Fasteignasalan, Hafnarg. 27, Keflavík. Sími 1420.

ÓSKA EFTIR

að kaupa sambyggða trésmíðavél. Uppl. í síma 93-1524 milli kl. 12 og 1 og eftir kl. 7.

ATVINNA

Drengur 14—16 ára óskast í sveit í vetur til að aðstoða við skepnuhirðingu. Uppl. í síma 21386 í dag og á morgun.

ANTIK SPEGILL

stór til sölu, hentugur í selli og fl. Stærð um 350x200 cm. Uppl. í síma 42274.

ATVINNA

Stúlka óskast við vélgæzlu. Vaktavinna. Anna Þórðardóttir hf., Ármúla 5.

TIL SÖLU 3JA CYL

Lister-disilvel, 36 hestófl ásamt varahlutum. Uppl. í síma 51135 eftir kl. 6 á kvöldin.


KRANI Á BEDFORD

Notaður góður krani á Bedford vörubíll óskast til kaups eða vörubíll með krana. Bílskipti koma til greina. Uppl. í síma 94-3604 eða 81976.

AFGREIÐSLUSTARF

Rösk stúlka óskast. Gunnarskjör, Melabraut 57, Seltjarnnesi. Uppl. milli kl. 7—9.

Dansað til hinna dags í Nýja Bíó



Nýja Bíó hefur að undanfögnu sýnt og sýnir enn spennandi og sérstæða grísk-ameríska litmynd er fjallar um heimsendir á atomöld. Myndin er gerð af meisturunum Michael Cacoyannis og Mikis Theodorakis, sem gerðu ZORBA. Í myndinni er flutt glæsileg tónlist eftir Theodorakis.

ÚR ÍSLENZKUM ÞJÓÐSÖGUM

Frá Ólafi í Vindborðsseli

Þegar séra Vigfús Benediktsson var prestur í Einholti var fátt á milli hans og Ólafs í Vindborðsseli, sem kallaður var fjölkunnugur. Það var mælt, að kona séra Vigfúsar héldi jafnan yfir honum verndarskildi móti fjölkynnginni. Einhverju sinni þegar prestur messaði í Holtum, var kona hans móti venju ekki með honum. Ólafur var við kirkju, og það hann prest að riða heim með sér eftir messu til að skíra barn. Prestur gjörði

svo. En það er að segja frá maddömu Málfríði konu hans, sem var heima hjá sér, að hana syfjaði mjög. Sagði hún þá við heimamenn sína: „Nú mun Fúsi þurfa min við.“ Lét hún síðan söðla hest sinn og reið slíkt er af tók, þar til hún kom að Vindborðsseli, og gekk hún þar inn. Var prestur þá aðeins settur, og hafði Ólafur sett fyrir hann vinflösku. Prestur var að bera flöskuna að munni sér, er konu hans bar að. Hún greip af honum flöskuna, saup gúlsopa,

DAGBÓK

Nálægið yður Guði og þá mun hann nálgast. (Jakob 4.8.) Í dag er föstudagur 11. september og er það 254. dagur ársins 1970. Eftir lífa 111. dagur. Árdegisháflæði kl. 2.19. (Úr Íslands almanakinu).

AA-samtökin.

Vísastími er í Tjarnargötu 3c alla virka daga frá kl. 6—7 e.h. Sími 6373.

Almennar upplýsingar um lækisþjónustu í borginni eru gefnar sínsvara Læknafélags Reykjavíkur, síma 18888. Lækningsstofur eru tekaðar á laugardögum yfir sumarmánuðina. Tekið verður á móti beiðnum um lyfseðla og þess háttar að Gerðastræti 13 sími 16195 frá kl. 9-11 á laugardagsmorgun.

Tannlæknavektin er í Heilsværndarstöðinni, laugardaga og sunnudaga frá kl. 5—6. Nætur-læknir í Keflavík 8.9. og 9.9. Kjartan Ólafsson. 10.9. Arnbjörn Ólafsson. 11., 12., og 13.9. Guðjón Klemenzson. 14.9. Kjartan Ólafsson. Lækisþjónusta a stofu á laugardögum sumarið 1970. Sumarmánuðina (júni-júlí-ágúst-

sept.) eru lækisstofur í Reykjavík lokaðar á laugardögum, nema lækisstofan í Gerðastræti 14, sem er opin alla laugardaga í sumar kl. 9—11 fyrir hádegi, sími 16195. Vítjenabeitni hjá læknavaktinni sími 21230, fyrir kvöld- nætur- og helgidagabeitni. Ásgrímssafn, Bergstaðastræti 74, er opið sunnudaga, þriðjudega og fimmtudaga frá kl. 1.30—4. Aðgangur ókeypis.

spýtti út úr sér og sagði: „Drekktu nú, hjartað mitt, nú sakar þig ekki. Þessi sopi var þér ætlaður, en ekki mér.“ Svart ur hundur, er legið hafði undir borðinu, sleikti það, sem hún hafði spýtt út úr sér — því vinið var sætt, og lá hann þegar dauð ur. Presti hnykkti heldur en

ekki við, er hann sá aðfarirnar, flýtti sér að skíra barnið og hélt heim. Eftir þetta var fátt með þeim Ólafi og prest. En aldrei vann Ólafur bilbug á honum, og var konu hans þakkað það. Þjóðsögur Thorfhildar Hólm.

2000 ára afmælistjóður Íslands

Einu sinni var stofnaður sjóður, sem heitir „Tvö þúsund ára afmælistjóður Íslands.“

Það var gert árið 1890. Síðan eru liðin 80 ár. Þess vegna heyrir það fortíðinni til og er talið vera „frá fyrri tímum.“ Þá voru íbúar Reykjavíkur 3886. Þá var enginn borgarstjóri í Reykjavík, bara bæjarstjórn og bæjarfógeti. Þetta var árið eftir að Hallgrímur Sveinsson varð biskup. Þetta var sama árið og sr. Jóhann varð dómkirkjuprestur og Morten Hansen varð skólastjóri barnaskólans. Ennþá man eldra fólk eftir þessum tveimur heiðursmönnum, fyrir hinum yngri eru þeir löngu horfnir í þoku fyrnskunnar og fjarlægðarinnar.

En það var þetta með sjóðinn — sjóð Íslands.

Það var svoleiðis, að þann 1. dag marzmánaðar árið 1890 komu fimm góðborgarar okkar unga höfuðstaðar saman heima hjá einhverjum þeirra og ræddu framtíð Íslands. Þá voru bara liðin 16 ár frá þúsund ára hátíð Íslandsbyggðar, en 984 ár mundu verða að liða í aldanna skaut unz yfir önnur 1000 ár yrði til baka að lita í sögu þjóðarinnar. Svo framsýnir eru þessir fimm menn, að þeir fara þá þegar að hyggja að högum þeirra Íslands barna, sem uppi verða árið 2874. Þeim kemur saman um að skjóta saman kr. 4.00 — fjórum krónum —, og leggja þær í Söfn unarsjóðinn með þeim kjörum að þær standi þar á vöxt um í 984 ár og vextirnir legg ist árlega við höfuðstólinn. Þetta fé skyldi kallast Afmælistjóður Íslands. Að þeim tíma liðnum, árið 2874 á tvö þúsund ára afmælli landsins, skal æðsta innlenda stjórn Íslands geta hafið í þetta með öllum vöxtum og gjörir hún þá ákvarðanir um, hvernig því skuli verja til gagns fyrir Ísland.

Þeir menn, sem stóðu að þessari sjóðsstofnun og lögðu fram féð voru þessir:

Halldór Jónsson, bankagjaldkeri, Hannes Hafstein, landritari, Sighvatur Bjarnason, bankabókari, Indriði Ein-

arsson, revisor, Ásmundur Sveinsson, bæjarfógetafulltrúi.

Enda þótt flestir þessir menn séu þjóðkunnar persónur er ekki úr vegi að gera nokkra grein fyrir þeim með fáum orðum.

Halldór Jónsson var f. 1857 d. 1914. Hann var Þingeyingur að sett, tók guðfræðipróf 1883 en varð aldrei prestur, skipaður gjaldkeri Landsbankans 1885 og gegndi því



Indriði Einarsson.



Hannes Hafstein.

starfi til 1912. Hann var mikill bindindisfrömuður. Kona hans var ein af dætrum Péturs Guðjohnsens, Christiane Apolline.

Hannes Hafstein þekkja allir. Hann var ritari landshöfðingja árin 1889—96.

Sighvatur Bjarnason, f. 1959

d. 1929 var mikill bankamaður og var settur til að stjórna Íslandsbanka, er hann var stofnaður og gegndi þeirri stöðu til 1921. Þá var hann gerður justitsráð að nafnbót.

Kona Sighvats var Ágústa, dóttir sr. Sigfúsar Jónssonar á Undirfellu.

Indriði Einarsson, f. 1851 — d. 1939, leikritaskáld og „höfundur“ Þjóðleikhússins. Hann var lengi endurskoðandi Landsreikninga, síðan skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, mikill forustumaður í liði Góðtemplara. Indriði og Halldór bankagjaldkeri voru svilar.

Ásmundur Sveinsson, f. 1846 d. 1896 var Austfirðingur, lauk stúdentsprófi og lagði stund á lögfræði í Höfn en lauk ekki námi. Síðar var hann settur yfirvald og umboðsmaður fyrir vestan en í Reykjavík stundaði hann bæði skrifrit og málflutning. Kona hans var Guðrún, dóttir Péturs Halls verzlunarmanns.

Hvað sem um framtak þessara heiðursmanna má segja að öðru leyti, og hversu mikið eða lítið, sem við — þessi eyðslusama kynslóð hinna smáu og mörgu króna — kann að meta það, þá er eitt vist að þeir, sem stofnuðu Afmælistjóð Íslands hafa haft staðfasta trú á framtíðargildi hins íslenska gjalds.

Um síðastl. áramót var sjóðurinn orðinn kr. 247.42 og hafði vaxið um kr. 21.47 á árinu 1969.

Eftir rúm 100 ár eða á 1200 ára afmæli Íslandsbyggðar, verða þessar 4 — fjórar — krónur orðnar tæpar 2.000.000 — tvær milljónir. — En hvað er milljón nú — og hvað verður milljón þá? Hins vegar segja tölvísir menn og tölvulærðir, að á 2000 ára afmælinu muni þessar 4 krónur fimmmenninganna orðnar stjarnfræðilega há upphæð eða 1 (— einn —) með 38 nullum fyrir aftan. En eins og nú horfir með framtíð mannkynsins er með öllu óvist hvort nokkur maður verður þá uppi á Íslandi til að lesa úr þeirri löngu tölu.



Ásmundur Sveinsson.



Sighvatur Bjarnason.



Halldór Jónsson.

Að hvaða gagni verður sjóðurinn þá fyrir Ísland?

Gisli Brynjólfsson.